

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Suðvesturlandi árið 1954.

Frá ársbyrjun til 15. marz starfaði ég í skrifstofu skógræktarstjóra í Reykjavík, og einnig tvo síðustu mánuði ársins. Var starf mitt aðallega fólgið í ýmisskonar afgreiðslu til skógarvarða út á landi, svo sem girðingarefni, fræi og fleiru. Frá 15. marz til apríl mánaðarloka dvaldi ég í Danmörku, sumpart í einkaerindum, en heim sótti þá um leið gróðrarstöðvar á Sjálandi og á Jótlandi. Einnig fór ég með skógræktarstjóra um norðurhérað Jótlands til þess að kynna mér skjólbeltarækt á þessum slóðum. Fram að 15. marz og svo aftur eftir að ég kom heim frá Danmörku kenndi ég við skógræktarskólann 3 - 4 tíma á viku og gekk frá prófúrlausnum í grasafræði um vorið. Þegar skólinn hófst að nýju 1. nóvember kenndi ég 3 tíma á viku.

Í maí og júní sá ég um plöntudreifingu á vegum Skógræktar ríkisins frá Reykjavík.

Síðla í júlí fór ég til athugunar á girðingarstæði að Laugarvatni og inná Þórsmörk. Mældi ég fyrir girðingu á Laugarvatni. Var þar að mestu farið eftir gömlu girðingunni, en öll var girðingin á fjallinu endurgirt og að mestu leyti með nýju efni. Farið var yfir allan neðri hluta girðingarinnar og það endurbætt, sem með þurfti og girt að nýju meðfram Merkigili. Vinna við Laugarvatnsgirðingu hófst í ágústbyrjun og var lokið uppúr miðjum septembermánuði. Allt efni sem notað var upp á fjallinu var flutt þangað á jeppa, og var mikill flýttir að því. Daglega verkstjórn hafði Guðmundur Pálsson frá Hjálmsstöðum á hendi.

Alls var endurgirt að fullu á Laugarvatni 3.2 km., að mestu með nýju efni. En lagfærð girðing að auki á 3.5 km. vegalengd.

Í ágústbyrjun hófst vinna við nýja girðingu í Straumi. Girðingarstæði þar er mjög erfitt viðureignar, torleiði mikið yfir úfið hraun. Verkstjóri þar var Vilhjálmur Sigtryggsson. Við Straumsgirðingu varð ekki lokið á árinu. Lengd girðingar er um 6 km.

1954 Lokið var við girðinguna um Furulundinn á Þingvöllum.

Auk þessara girðinga, sem nefndar hafa verið og girtar eru á vegum Skógræktar ríkisins, leiðbeindi ég og sá um uppsetningu nokkurra skógræktargirðinga einstaklinga í umdæmi mínu.

Á árinu var gróursett á vegum Skógræktar ríkisins, sem hér segir:

Þingvellir.

Furulundur:	1.200 sitkagreni	2/2 (Homer)
Reitur Vestur- Íslendinga	500 skógarfura	3/0 (Troms str.)
	500 rauðgreni	2/2 (Fellingfor)
	500 lerki	2/2 (Hakaskoja)
	500 sitkagreni	2/2 (Homer)

<u>Iaugarvatn:</u>	2.000 skógarfura	3/0	(Troms str.)
	2.000 rauðgreni	2/2	(Fellingfors)
	1.000 lerki	2/2	(Hakaskoja)
	1.000 sitkagreni	2/2	(Homer)
	50 alaskaösp		

Trjáplöntur afhentar sem styrkur:

Sjálfsvörn, Vífilsstöðum	500 birki	3/0	(Bæjarstað)
	500 do.	2/2	(")
	100 sitkagreni	2/2	(Homer)
	50 alaskaösp		
<u>Straumur:</u>	800 birki	3/0	(Bæjarstaður)
	200 skógarfura	3/0	(Troms str.)
	550 do.	2/2	(" ")
	550 lerki	2/2	(Hakaskoja)
	500 sitkagreni	2/2	(Homer)

Í septembermánuði fór ég um allar skógræktarstöðvar Skógræktar ríkisins og taldi allar plöntur, sem söluhafar eru næsta vor og ræð um ýmislegt í sambandi við rekstur stöðvanna við skógarverðina.

Eins og undanfarin ár hefi ég séð um móttöku og sölu viðar frá Vöglum og að nokkru leyti einnig frá Hallormsstað.

Á þessu ári leiðbeindi ég fólki í Reykjavík og nágrenni um skógrækt og fór í því skyni margar ferðir.

Reykjavík 26. jan. 1955.

Guðjón Samundson